



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



Ársskýrsla  
Rannsóknamiðstöðvar ferðamála  
2016

©Rannsóknamiðstöð ferðamála

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/Norðurslóð, IS-600 Akureyri  
Sími: (+354) 460 8930  
Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)  
Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2016

Ritstjóri: Eyrún Jenný Bjarnadóttir  
Cover: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála  
Printing: Stell ([www.stell.is](http://www.stell.is))

Forsíðumynd: Hvalaskoðun á Skjálfanda © Þórný Barðadóttir

## Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns.....	1
Yfirlit starfsársins .....	2
Mannauður .....	5
Rannsóknaverkefni .....	6
Ráðstefnur og viðburðir .....	13
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF .....	16
Útgefið efni .....	17
Fyrirlestrar og erindi .....	19



*IPTRN-hópurinn á góðri stundu  
Mynd: Edward H. Huijbens*



*Hraunfossar í Borgarfirði*  
*Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir*

## Ávarp forstöðumanns

Óhætt er að segja að umræða um ferðaþjónustu og ferðamál hvers konar hafi verið áberandi í íslensku þjóðfélagi allt árið 2016. Og það er ekkert skrítið. Ferðamennska er áhrifamikill menningarstraumur sem felur í sér mikið umbreytingarferli – það er óhjákvæmilegt. Ísland er orðið ferðamannaland og hinn mikli vöxtur ferðaþjónustu undanfarin ár lætur engan ósnortinn. Umræðan í íslenskum fjölmiðlum ber þess glöggt merki.

Flestum er ljós sú staðreynd að þessi hraða uppbygging ferðaþjónustunnar er áskorun bæði fyrir stjórnkerfi og samfélag. Álag á náttúru og ýmsa innviði, s.s. vegakerfi, heilsu- og löggæslu hefur gjarnan verið í kastljósi umræðunnar. Einnig hefur athyglin beinst í vaxandi mæli að sambúð ferðaþjónustu og samfélags og þeim álitamálum sem henni tengjast. Kallað er eftir skýrum aðgerðum stjórnvalda og þótt ýmislegt hafi verið gert síðast liðna mánuði þá er enn margt óunnið til þess að tryggt sé að samfélagsleg sátt skapist um þessa mikilvægu atvinnugrein og henni sköpuð sú umgjörð sem best eflir byggðir landsins og tryggir aukin lífsgæði þjóðarinnar til frambúðar.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir  
Mynd: Þórný Barðadóttir

Aukin þekking og skilningur á atvinnugreininni og straumum og stefnum í ferðamennsku hér á landi leikur hér lykilhlutverk. Mikilvægi þess að ákvarðanir og stefnumótun séu byggðar á grunni þekkingar sem aflað er með traustum rannsóknum verður ekki ofmetið. Í ljósi þess er rétt að rifja upp að þegar árið 2012 setti RMF fram áætlun um hvernig standa mætti að þekkingaruppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Settar voru fram þrjár rannsóknaráætlanir sem snéru að hagrænum áhrifum greinarinnar, ferðamennsku og umhverfi og síðast en ekki síst að ferðamennsku, menningu og samfélagi.

Í mínum huga gegnir Rannsóknamiðstöð ferðamála hér skýru hlutverki og starf hennar á mikið erindi við ferðaþjónustuna og stjórnvöld ferðamála. Í stefnu RMF er það ítrekað að samhugur og samstarf í tengslaneti RMF sé mikilvæg forsenda þess að árangur náist. Þetta endurspeglast ekki síst í gagnvirkri samstarfi akademíunnar, atvinnulífsins og opinberra stofnana í anda triple helix hugmyndafræðinnar. Ég tek heilshugar undir þessa áherslu og tel hana raunar vera algjört lykilatriði, ekki einungis í því skyni að efla og styrkja RMF heldur einnig, sem er ekki síður mikilvægt, til að tryggja að öll þróun og uppbygging ferðaþjónustunnar hér á landi byggi á grunni þekkingarsköpunar og auknum skilningi á greininni og samspili hennar við land og þjóð.

Það er mikill kraftur í uppbyggingu ferðaþjónustu um land allt og áhrifa hennar gætir víða. Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur sem aldrei fyrr þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Hún þarf sífellt að afla nýrrar þekkingar á greininni og miðla henni áfram til leikra og lærðra en ekki síður að vera hin gagnrýna og greinandi rödd sem á grundvelli traustrar þekkingar getur verið leiðbeinandi um áherslur og stefnu bæði hins opinbera og atvinnugreinarinnar sjálfrar. Það eru óneitanlega spennandi tímar framundan í starfi RMF.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir  
Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

## Yfirlit starfsársins

Rannsóknamiðstöð ferðamála sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Nokkur rannsóknaverkefni héldu áfram frá árinu 2015 en einnig var sérstök áhersla lögð á að þróa ný verkefni og að efla samstarf við íslenskar mennta- og rannsóknastofnanir á sviði nýsköpunar og ferðamála. Fjórum rannsóknaverkefnum, sem unnin voru fyrir Háskólann á Akureyri með fjárstuðningi frá atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu, lauk á árinu. Í byrjun árs setti Stjórnstöð ferðamála á fót stýrihóp um áreiðanleg gögn sem meðal annars er ætlað að skilgreina forgang viðfangsefna í mælingum og rannsóknum í íslenskri ferðaþjónustu. RMF á fulltrúa í stýrihópnum en auk þess var RMF falið að tilnefna sérfræðinga í sérstaka vinnuhópa sem fjalla um afmörkuð viðfangsefni er varða áreiðanlegar mælingar og söfnun gagna í greininni. Á árinu var stofnuð ráðgjafanefnd um verkefnið Stefnumarkandi stjórnunarátætlanir (e. Destination Management Plans – DMP) og á forstöðumaður þar sæti.

Að tillögu stýrihóps um áreiðanleg gögn hjá Stjórnstöð ferðamála um ráðstöfun fjárveitingar ANR til rannsókna í ferðamálum á árinu 2016 styrkti ráðuneytið tíu rannsóknaverkefni. RMF hefur aðkomu að fjórum þeirra (sjá töflu hér fyrir neðan).

Töluverð vinna var lögð í að efla tengsl og sýnileika RMF bæði gegnum innlent og alþjóðlegt samstarf á árinu. RMF var aðili að nokkrum umsóknum í erlenda sjóði á árinu fyrir rannsóknaverkefni sem og fyrir forverkefni til myndunar frekara rannsóknasamstarfs. Forverkefnisstyrkur fékkst úr Arctic Studies-áætluninni en í því er RMF hluti af alþjóðlegum hópi vísindamanna á sviði sjávar-

líffræði, mannvistarlandfræði og ferðamálafræði. Hópurinn mun vinna umsókn að stærra verkefni á árinu 2017 sem miðar að því að fá fram nauðsynlegar upplýsingar til að undirbyggja ákvarðanatökur fyrir sjálfbæra og ábyrga ferðamennsku á norðurlóðum sem byggir á aðdráttarafli hafsins og lífríki þess.



Víðsýnt yfir Héraðsflóann

Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Síðla árs 2016 hlaut RMF styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA fyrir tilviksrannsókn um opinbera stefnumörkun, skipulag, væntingar og reynslu af komum skemmtiferðaskipa til norðlenskra hafna. Í september sótti RMF um að halda 9. alþjóðlegu ráðstefnuna um vöktun og stýringu gesta á útivistar- og verndarsvæðum (e. International Conference on Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas) árið 2018 í Reykjavík. Ráðstefnan er vettvangur fyrir kynningar á rannsóknum og þekkingarmiðlun um vöktun og stýringu gesta á útivistar- og verndarsvæðum og spannar einnig vítt svið útivistar og náttúruferðamennsku. Stjórn MMV-samtakanna hafði farið þess á leit við aðila hér á landi um að senda umsókn um að halda

ráðstefnuna á Íslandi 2018. RMF vann umsóknina í breiðu samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands auk fjölda

Rannsóknaverkefni RMF og samstarfsaðila styrkt af ANR á árinu

Verkefni	Tengiliðir	Samstarfsstofnanir RMF
Umfang og áhrif ferðaþjónustu í byggðum landsins	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík
Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu	Daði Guðjónsson	Íslandsstofa, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bífröst
Talningar ferðamanna: dreifing eftir landssvæðum	Gyða Þórhallsdóttir	Háskóli Íslands
Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu: Heimamenn – undirbúningur spurningakönnunar á landsvísi	Eyrún Jenný Bjarnadóttir	



Heimskautsgerðið, Raufarhöfn  
Mynd: Jill Bueddefeld

annarra stofnana. Fulltrúar úr íslenska stýrihópnum fóru á 8. MMV-ráðstefnuna í Novi Sad í Serbíu í september til að kynna umsóknina en varð hún á endanum að lúta í lægra haldi fyrir frönskum aðilum. Það voru mikil vonbrigði en þrátt fyrir það var þessi reynsla sem hlaut af umsóknarferlinu mikill og góður skóli fyrir RMF. Upp úr því stendur hæst sá góði og breiði samstarfsflötur sem varð til í kringum umsóknarvinnuna.

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF fyrir skólaárið 2015 voru afhent á hátíðlegri stund á ársfundi Samtaka ferðapjónustunnar í mars. Verðlaunin hafa verið veitt árlega síðan 2005 fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem er unnið af nemanda við háskóla hér á landi. Verðlaunin hlaut Berglind Ósk Kristjánsdóttir fyrir lokaverkefni úr grunnámi frá Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Verkefnið bar heitið *Viðhorf til mikilvægis starfsþjálfunar í ferðapjónustu: Dæmi frá veitingastöðum á Húsavík*.

Tengslamyndun og -efling er sem fyrr hluti af sýnileika RMF. Starfsfólk RMF tók þátt með ýmsum hætti í alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum, málþingum og fundum. Margt af því má sjá aftast í ársskýrslunni í yfirliti yfir fyrirlestra og erindi sem haldin hafa verið á árinu. Auk þess átti starfsfólk RMF fjölmörg góð samtöl við bæði einstaklinga og fulltrúa stofnana á árinu sem óþarft er að tíunda. Í október tók RMF þátt í Sumarskóla um forystu og

stjórnun í sjálfbærri ferðapjónustu og forstöðumaður stýrði þar tveimur málstofum. Sumarskólinn var haldinn á Íslandi á vegum Ferðamálaráðs Evrópu og Ferðamálastofu í samstarfi við Foundation for European Sustainable Tourism, RMF og Markaðstofu Norðurlands. Þá var á haustdögum stofnað til samstarfs við Listaháskóla Íslands en RMF hafði þar aðkomu að námskeiði í upplifunarahönnun sem hafði áherslu á ferðapjónustu. Vonir standa til að samstarfið haldi áfram á nýju ári. Í september tók forstöðumaður þátt í umræðufundi í Kaupmannahöfn um mögulegt samstarf Norðurlandanna á sviði ferðamála sem tengdist formennsku Dana í Norrænu ráðherranefndinni. Í lok október fór forstöðumaður ásamt fulltrúum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Hólum í heimsókn til Multi-dimensional Tourism Institute í Rovaniemi.

RMF stóð að nokkrum viðburðum á árinu, stórum og smáum, sem lesa má nánar um hér síðar. Umfangsmestur þeirra var fimmta alþjóðlega ráðstefna Samtaka um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum (IPTRN) sem var haldin í fyrsta sinn hér á landi um mánaðamótin ágúst/september. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Ferðapjónusta, fólk og vernduð svæði í víðáttu heimskautanna*. Um það bil 50 manns frá 12 þjóðlöndum tók þátt í fjölbreyttri ráðstefnudagskrá sem stóð í fimm daga. Ráðstefnan hófst á Akureyri með málstofum og pallborðsumræðum um framgang og stöðu ferðamála á norðurlöndum. Ráðstefnugestir fóru síðan til Raufarhafnar þar sem unnið var með heimamönnum með þær áskoranir sem strjálbýl svæði á



Hvalaskoðunarskip á Skjálfanda  
Mynd: Þórný Barðadóttir



*Einkennismerki IPTRN-ráðstefnunnar*

norðurslóðum, líkt og Raufarhöfn, standa frammi fyrir við þróun ferðamennsku. Ráðstefnan þótti afar vel heppnuð. Því til vitnisburðar prýða ársskýrsluna fjölmargar myndir frá ráðstefnudögum með góðfúslegu leyfi þeirra sem þær tóku.

Nokkrar breytingar í húsakosti og á mannauði RMF urðu á árinu. Í febrúar fluttist skrifstofa RMF á milli hæða í Borgum (Háskólanum á Akureyri) og er nú þar á 4. hæð. Á vormánuðum lét Kristín Sóley Björnsdóttir af störfum sem forstöðumaður og hvarf til annarra starfa. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir var ráðin sem nýr forstöðumaður og tók við starfi 15. maí. Edward H. Huijbens, sérfræðingur fór í rannsóknaleyfi á haustmánuðum. Á sama tíma bættist Gunnþóra Ólafsdóttir, doktor í mannvistarlandfræði, í sérfræðingahóp RMF með aðsetur í Reykjavík. Innra starf miðstöðvarinnar var áfram styrkt á árinu. Starfsmannafundir voru haldnir með



*Síldarstúlkan starir út á hafið við Raufarhöfn  
Mynd: Jill Bueddefeld*

reglubundnum hætti milli starfsstöðva RMF í Reykjavík og á Akureyri í gegnum Skype auk teymisfunda um einstök verkefni. Efni heimasíðu RMF var endurskoðað en á síðunni er að finna margvíslegan fróðleik um starfsemi RMF og safn af útgefnu efni um ferðamál á Íslandi.



*Skjálfandafjót  
Mynd: Þórný Barðadóttir*



## Mannauður



Íslandsklukkan við Háskólann á Akureyri  
Mynd: Emma Stewart

### Starfsfólk

#### Á Akureyri með aðsetur í Háskólanum á Akureyri, Borgum:

- Kristín Sóley Björnsdóttir forstöðumaður til 1. apríl
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður frá 15. maí
- Edward H. Huijbens sérfræðingur 50% (í leyfi frá 1. september – 31. desember)
- Þórný Barðadóttir verkefnastjóri 50% til 31. janúar, sérfræðingur 100% frá 1. febrúar
- Dennis Hermans skiptinemi í starfsþjálfun frá Wageningen University í Hollandi (febrúar – júní)
- Martins Englis skiptinemi í starfsþjálfun frá Vidzeme University of Applied Sciences í Lettlandi (september – nóvember)

#### Í Reykjavík með aðsetur í Háskóla Íslands, Öskju:

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur 100%
- Gunnþóra Ólafsdóttir sérfræðingur 100% frá 1. september

#### Verkefnaráðið starfsfólk:

- Gyða Þórhallsdóttir doktorsnemi í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, vann að verkefninu Talningar ferðamanna: Dreifing eftir landssvæðum; verkefnaráðning til 30. júní.
- Auk starfsfólks sinna verkefnum hjá RMF þau Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri

Háskóla Íslands á Húsavík og Rögnvaldur Ólafsson hjá Háskóla Íslands.

### Stjórn

- Rögnvaldur Ólafsson fyrir Háskóla Íslands, formaður stjórnar
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir fyrir Háskólann á Akureyri, varaformaður stjórnar
- Bjarnheiður Hallsdóttir fyrir Samtök ferðaþjónustunnar
- Jón Þorvaldur Heiðarsson fyrir Háskólann á Akureyri
- Laufey Haraldsdóttir fyrir Háskólann á Hólum
- Oddný Þóra Óladóttir fyrir Ferðamálastofu
- Rannveig Ólafsdóttir fyrir Háskóla Íslands (í leyfi til 30. júní, varam. Katrín Anna Lund)

### Fundir stjórnar

Stjórnarfundir á árinu voru fimm. Tveir vinnufundir stjórnar voru á fyrstu vikum ársins. Aðalfundur stjórnar var haldinn 3. mars á Akureyri. Vorfundur stjórnar var haldinn 7. júní í Reykjavík. Lokafundur ársins var haldinn á aðventunni þann 7. desember gegnum fjárfundarbúnað milli Reykjavíkur, Akureyrar og Hóla í Hjaltadal.



Háskóli Íslands, Askja  
Mynd: Guðjón Sverrisson

## Rannsóknaverkefni

### Verkefni styrkt af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

#### Umfang og áhrif ferðaþjónustu í byggðum landsins

Megináhersla verkefnisins er á eftirspurnarlið ferðaþjónustu og greiningu gesta sem koma til byggða landsins. Áhersla er lögð á greiningu erlendra ferðamanna á svæðunum; hverjir þeir eru, hvað dregur þá til svæðanna, eftir hverju þeir sækjast og hvað þeir skilja eftir. Svör við slíkum spurningum eru mikilvægar í þeim uppbyggingarfasa sem atvinnugreinin er í víða um land auk þess sem þau gagnast við gerð stefnumótandi stjórnunaráætlana fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta. Í desember 2016 gaf RMF út skýrslu með niðurstöðum greiningar á Húsavík, Mývatnssveit, Höfn og Siglufirði, sem byggja á niðurstöðum spurningakönnunar meðal erlendra ferðamanna sumarið 2015. Sumarið 2016 var spurningalisti lagður fyrir erlenda ferðamenn á sex stöðum á landinu, Seyðisfirði, Egilsstöðum, Húsavík, Mývatnssveit, Stykkishólmi og Ísafirði.

Verkefnisstjórn: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík, en Lilja er jafnframt starfsmaður verkefnisins. Samstarfsaðilar eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Þekkingarnet Þingeyinga. Verkefnið er styrkt af Stjórnstöð ferðamála. Áætluð verklok eru 30. júní 2017.

#### Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu

Ítarleg markhópagreining á erlendum mörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu. Tilgangur og meginmarkmið verkefnisins er að þróa betri tól og tæki til að stunda hnitmiðaða og skilvirka markaðssetningu íslenskra áfangastaða á erlendum mörkuðum. Unnið verður að gerð markhópalíkans til að afla gagna frá markaðssvæðum landsins. Með því verður lagður grunnur að viðmiðum til að skilgreina markhópa út frá lífsstíl og félagshópum. Einnig verða lögð drög að grunnflokkun gesta í markhópa fyrir miðaða markaðssetningu, ímyndaruppbyggingu og vörubrúun áfangastaða og þjónustu, enda hefur slík gagnaöflun til rannsókná forspárgildi.

Verkefnið er framhald verkefnis sem hófst í júní 2015 og var einnig styrkt af atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Þáttur RMF í verkefninu snýr að eiginlegri greiningu og túlkun á tölfræðilegri úrvinnslu. Áætluð verklok eru í maí 2017.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Edward H. Huijbens vinna að þessu verkefni fyrir hönd RMF og Háskólans á Akureyri. Verkefnisstjórn er í höndum Daða Guðjónssonar hjá Íslandsstofu en aðrir samstarfsaðilar eru Brynjar Þór Þorsteinsson, Einar Svansson og Kári Joensen hjá Háskólanum á Bifröst.



Hvalaskoðun á Skjálfanda  
Mynd: Emma Stewart



Frá Almannagjá  
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

### Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu. Heimamenn. Undirbúningur könnunar á landsvísu

Á haustmánuðum 2014 stóð Ferðamálastofa fyrir könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu í samstarfi við RMF og Háskólann á Hólum. Framkvæmdaraðili könnunarinnar var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Áformað er að endurtaka þessa könnun en þessi hluti verkefnisins snýr að undirbúningi könnunarinnar með rýni og endurbótum á fyrirliggjandi spurningalista. Undirbúningur verkefnisins hófst á haustdögum 2016 og áætluð verklok eru í mars 2017.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnir þessu verkefni í samráði við Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur. Ráðgefandi aðilar eru Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands, Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Samband íslenskra sveitarfélaga og Ferðamálastofa.

### Talningar ferðamanna: dreifing eftir lands- svæðum

Talningar við Hvítserk á Vatnsnesi og á þremur stöðum í Mývatnssveit voru styrktar af ANR árið 2015. Þær talningar héldu áfram með áframhaldandi styrk frá ANR og við bættust Illugastaðir á Vatnsnesi og Heimskaupsgerðið á Raufarhöfn auk fleiri talningastaða á Vesturlandi og

á Vestfjörðum. Niðurstöður talninga á Norðurlandi verða gefnar út í skýrslu í lok febrúar 2017.

Gyða Rögnvaldsdóttir og dr. Rögnvaldur Ólafsson sinna þessu verkefni.

## Önnur verkefni

### Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu – Tilviks- rannsókn á Höfn, Siglufirði og í Mývatnssveit

Rannsóknin tók til þeirra mögulegu áhrifa sem stafa af ferðamennsku á tilteknu svæði þar sem skoðað var hvernig íbúar upplifa áhrif aukinnar ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélag og daglegt líf. Rannsókninni var skipt í tvo hluta; í fyrri hlutanum voru tekin hálfopin viðtöl við íbúa á Höfn, Siglufirði og í Mývatnssveit og í síðari hlutanum var lagður spurningalisti fyrir íbúa á sömu svæðum í símakönnun. Verkefnið var unnið fyrir Háskólann á Akureyri með fjárstuðningi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Verkefninu lauk í desember 2016.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Arnar Þór Jóhannesson sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sinntu þessu verkefni með ráðgjöf frá Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.



Hrossagaukur í Ásbyrgi  
Mynd: Emma Stewart

### Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu – Húsavík, Mývatnssveit, Höfn og Siglufjörður

Meginmarkmið verkefnisins er greining á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í byggðum landsins. Unnið er með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga. Rekstrarlegar ástæður og misjafnt aðgengi að upplýsingum um ferðaþjónustukaup er misjafnt eftir landshlutum. Opinberar hagtölur getur því í einhverjum tilfellum þurft að laga að staðháttum.



Frá Ásbyrgi  
Mynd: Jill Bueddefeld

Rannsóknin tekur til fjögurra byggðakjarna: Húsavíkur, Mývatnssveitar, Siglufjarðar og Hafnar í Hornafirði. Rannsóknin byggir á verkefni sem unnið hefur verið í Þingeyjarsýslum frá árinu 2012. Það verkefni snýr að aðlögun alþjóðlegra aðferða við gerð ferðaþjónustureikninga að afmörkuðum svæðum landsins í þeim tilgangi að greina efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á svæðinu. Verkefnið var unnið fyrir Háskólann á Akureyri með fjárstuðningi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Verkefninu lauk í desember 2016.

Verkefnisstjórn: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fyrir hönd RMF og Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík, en hún er jafnframt starfsmaður verkefnisins. Samstarfsaðilar eru Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Þekkingarnet Þingeyinga og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.

### Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL)

Verkefnið er styrkt af rammaáætlun Evrópusambandsins (COST) og stýrt af háskólanum í Exeter. Verkefnið snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa við aðra þætti mannlegrar tilvistar; menningu, heilsu og vellíðan gegnum ferðamennsku. Í samstarfi 29 Evrópulanda er reynt að laða fram þekkingu, reynslu og nýjar hugmyndir um hvernig tengja má saman rannsóknir á vellíðan sem byggja á þjónustu vistkerfa og notkun þeirra gegnum ferðamennsku, útivist og afþreyingu.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni og stýrir innan þess samræmingu vísindaferða (e. *short term scientific missions*). Edward situr í stýrihópi verkefnisins ásamt Önnu G. Sverrisdóttur frá Island of Health. Verkefninu lýkur vorið 2017.

### Breathing Spaces. Relating to Nature in the Everyday and its Connections to Health and Wellbeing (BREATH)

Frumkvöðlaverkefni á sviði grunnrannsókna á hlutverki umhverfisins – og sér í lagi náttúrulegs umhverfis – í líðan fólks og heilsu. Rannsóknin er þverfagleg. Hún byggir annars vegar á rannsóknum í ferðamálafræði umhverfissálfræði og mannvistarlandfræði, og sem sýna fram á að hreyfing (að ganga, skokka) í náttúrulegu umhverfi hefur góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu t.d. með streitulosun, en betri sannanir vantar fyrir slíkum endurnýjandi áhrifum náttúrunnar. Hins vegar byggir BREATH á þverfaglegum frumkvöðlarrannsóknum í frumulíffræði og sálfræði sem mæla öldrun/hrörnun mannslíkamans í gegnum lengd



Frá Heiðmörk  
Mynd: Gunnþóra Ólafsdóttir

litingaenda (telomera) sem hafa m.a. sýnt fram á að streita hraðar náttúrulegri hrörnun litingaenda og eykur þannig áhættu á öllum helstu sjúkdómum sem herja á vestræn samfélög nútímans (s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki og flestra tegunda krabbameina) og ótímabærum dauðdaga. Þær hafa einnig sýnt fram á að jákvæð lífsstílsbreyting eins og regluleg hreyfing og hugleiðsla (sem aðferð til að róa hugann) getur unnið á streitu og lengt litningaenda. Ekki hefur verið kannað hvort að umhverfið sem hreyfingin (eða hugleiðslan) fer fram í hafi áhrif á viðhald litingaenda og aðrar lífeðlisfræðilegar og sálfræðilegar breytur og geti þannig skipt sköpum fyrir heilsuna. BREATH-verkefnið rannsakar þetta og kannar hvort lífsstílsbreyting sem felur í sér reglulega náttúruupplifun samhliða hreyfingu hafi betri áhrif heilsu og líðan fólks en sama lífsstílsbreyting í manngerðu umhverfi og þá um leið hvort aðgengi að náttúrulegum svæðum til útivistar geti virkað sem forvörn og leið til að bæta lýðheilsu. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Lúxemborgar, Fonds National de la Recherche Luxembourg og Marie-Sklodowska-Curie (AFR ref. 3965162) og Háskólanum í Lúxemborg (ref. F3R-INS-PUL-13BREA/BREATH). Verkefnið fer fram á Íslandi og er hýst af Háskólanum í Lúxemborg, Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands og RMF.

Gunnþóra Ólafsdóttir hannaði verkefnið, stýrir því og tekur þátt í þverfaglegri samvinnu sálfræðinga, lífeðlisfræðinga, lækna, líffræðinga og mannvistarlandfræðinga við Háskólann í Lúxemborg,

Háskólann í Exeter, Háskóla Íslands, Reykjalund, Landspítala Háskólasjúkrahús og frumkvöðla í telomera-rannsóknnum við Kaliforníuháskólann í San Francisco.

### Slow Adventure in Northern Territories (SAINT)

RMF er í hópi átta háskóla og rannsóknastofnana sem University of Highlands and Islands í Skotlandi leiðir í verkefninu Slow Adventure in Northern Territories, SAINT.

Markmið verkefnisins er að vinna með aðilum ferðabjónustu í að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndisævintýri“ (e. slow adventure) á norðurslóðum og hvað það er sem einkennir þessar ferðir. Með því að búa til skilgreiningu fyrirtækja sem bjóða yndisævintýraferðir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra verða gerðar leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja og markaðssetja ferðabjónustu með þessum hætti. Verkefnið er unnið fyrir styrk frá norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (e. NPA – Northern Periphery and Arctic Programme). Verkefnið hófst 1. apríl 2015 og stendur í þrjú ár.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni og er í samvinnu við Háskólasetur Háskóla Íslands á Hornafirði um innlenda hluta verkefnisins.



Strokkur  
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir



NordMin-hópurinn fundaði á Arlanda-flugvelli í Svíþjóð 5. apríl 2016. Frá vinstri: Christa M. Feucht (Breiðdalssetri), Rebekka Knudsen (Kaupmannahafnarháskóla), Gunilla Berthilsson (NordGem), Jenny Söderström (Kristallen I Lannavaara), Arna Lára Jónsdóttir (Nýsköpunarmiðstöð Íslands) og Edward Huijbens (RMF)  
Mynd: Christa M. Feucht

### Ferðamennska, jarðminjar og skart (NordMin) – forverkefni

Verkefnið Ferðamennska, jarðminjar og skart (e. *Tourism, landmarks and gemmology*) snéri að samspili ferðaþjónustu og námuvinnslu til nýsköpunar og vöruþróunar. Forverkefnisstyrkur fékkst hjá Norrænu ráðherranefndinni til að leiða saman starfshóp til að vinna styrkumsókn að stærra verkefni. RMF stýrði verkefninu en íslenskir samstarfsaðilar voru ÍSOR, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Breiðdalssetur ses. Erlendir samstarfsaðilar voru Háskólinn í Álaborg, Danmörku, NordGem AB og Kristallen I Lannavaara í Svíþjóð. Verkefnið fór af stað í lok árs 2015 með verkefnafundi á Íslandi. Tveir fundir voru haldnir á árinu 2016 og sá RMF um skipulagninguna. Annar fundurinn var fjarfundur en hinn fundurinn var haldinn á Arlanda-flugvelli í Svíþjóð. Hópurinn vann fullmótaðar umsóknir sem voru sendar til Norræna Atlants-samstarfsins (NORA) og Vestnorræna ferðamálaráðsins (NATA). Forverkefninu lauk í október 2016.

Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinntu þessu verkefni.

### Komur skemmtiskipa til íslenskra hafna

RMF hefur unnið að öflun og úrvinnslu gagna um komur skemmtiferðaskipa fyrir árin 2009-2015. Gögnin eru unnin til að ná fram samræmdum tölum um fjölda farþega og áhafnar meðlima sem hvert skip skilaði til viðkomuhafna, sem og brúttóþyngd skipa og dvalartíma þeirra í höfnum. Síðla árs 2016 hlaut verkefnið styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA fyrir tilviksrannsókn um opinbera stefnumörkun, skipulag, væntingar og

reynslu af komum skemmtiferðaskipa til norðlenskra hafna. Áætluð verklok eru í apríl 2017 en auk þess er frekari rannsókn- og þróunarvinna í tengslum við gögn um komur skemmtiferðaskipa í deigluinni.

Þórný Barðadóttir sinnir þessu verkefni.



Hvalaskoðunarferð á Skjálfanda  
Mynd: Þórný Barðadóttir

### Sjálfbær þróun náttúrutengdrar ferðamennsku á Norðurslóðum

RMF tekur þátt í undirbúningi þverfaglegs rannsóknasamstarfs vísindafólks í sjávarlíffræði, mannvistarlandfræði og ferðamálafræði í tengslum við verkefnið Sustainable Tourism and Responsible Practices of Arctic Coastal Communities and Seascapes. Markmiðið er að fá fram nauðsynlegar upplýsingar til að undirbyggja ákvarðanatökur sem miða að sjálfbærri þróun, vöktun og rekstur ferðamannastaða á norðurslóðum sem byggja á aðdráttarafli hafsins og lífríki þess. Rannsókn-

hópurinn, sem samanstendur af íslenskum, norskum og áströlskum fræði- og vísindamönnum, hlaut styrk úr Arctic Studies-áætluninni til að kosta undirbúningsvinnu og umsóknagerð í samkeppnis-sjóði. Undirbúningurinn hófst í nóvember 2016 og verður unnið að umsókn á árinu 2017.

Gunnþóra Ólafsdóttir sinnir verkefninu fyrir hönd RMF. Verkefnastjóri er dr. Jessica Faustini Aquino sérfræðingur hjá Selasetri Íslands og lektor við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

### Norðurslóðasamstarf

RMF er virkur þátttakandi í norðurslóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurslóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar hafa fjölmörg verkefni og ýmsir samstarfs-möguleikar mótast svo sem í verkefnum um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum og hlutdeild ferðamennsku í því ferli. RMF skipulagði fimmtu ráðstefnu IPTRN hópsins sem haldin var dagana 29. ágúst – 2. september á Akureyri og Raufahöfn.

Edward H. Huijbens sinnir samstarfinu en auk hans voru Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Þórný Barðadóttir í undirbúningshópi ráðstefnunnar.



Gestir á IPTRN-ráðstefnunni. Frá vinstri: Sarah Marsh, Patrick Brouder, Suzanne de la Barre og Sæmundur Finnbogason  
Mynd: Emma Stewart

### Fjölmiðlar og ferðaþjónusta

Ráðist var í forrannsókn (e. pilot study) á umfjöllun íslenskra fjölmiðla um ferðamennsku og ferðaþjónustu hérlendis. Til skoðunar var hvort og þá hvernig áhersla miðlanna hefði breyst samfara örum vexti ferðaþjónustunnar á síðustu árum. Valdar voru til greiningar fréttir hérlendra netmiðla dagana 15-21. janúar og 15-21 júlí árin 2010-2016. Unnið var út frá kenningum um annars vegar mikilvægi fjölmiðla í upplýsingu almennings og hins vegar mótunaráhrifum fjölmiðla í þjóðmála-umræðunni hverju sinni.



Við Heimskautsgerðið, Raufarhöfn  
Mynd: Tariq Hossein



Útilistaverk eftir Sigurlínu J. Jóhannsdóttur  
Mynd: Emma Stewart

Greiningarflokkar tóku meðal annars mið af umfangi umfjöllunar og vægi ferðaþjónustu í fréttum; hverjir helstu viðmælendur miðlanna höfðu verið; hvort áhrif ferðaþjónustu væru sýnd jákvæð eða neikvæð; hvort áhersla væri lögð á orðnar eða þarfar aðgerðir stjórnvalda og ef annarra þá hverra. Verkefnið hófst sumarið 2016 og lauk um haustið en stefnt er að frekari rannsókn á þessu sviði.

Þórný Barðadóttir sinnir þessu verkefni.

### Áhrif Svartárvirkjunar á ferðamennsku og útivist

Rannsókn var unnin að beiðni Verkís hf. fyrir hönd SSB Orku, sem hluti af mati á umhverfisáhrifum virkjunar í Svartá í Bárðardal í Þingeyjarsveit. Með rannsókninni voru dregnar fram grunnupplýsingar um ferðaþjónustu, ferðamennsku og útivist sem mögulega raskast vegna fyrirhugaðrar virkjunar og ályktað um möguleg áhrif Svartárvirkjunar á Bárðardal, Norðausturland og á Ísland sem áfangastað ferðamanna.

Verkið byggði á viðtölum við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila, útivistar fólk og ferðamenn sem og fyrirliggjandi gögnum og niðurstöðum um upplifun og viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og útivistarfólks til virkjana í vatnasviði Skjálfaða og annars staðar í náttúru Íslands. Matið var samstarfsverkefni RMF og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en unnið fyrir Verkís sem hluti mats á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Verkefnið, sem er unnið af Gunnþóru Ólafsdóttur á RMF, Hjalta Jóhannessyni sérfræðingi hjá RHA og Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, hófst í nóvember 2016 og áætluð verklok eru í janúar 2017. Verkefnastjóri er Gunnþóra Ólafsdóttir.



Ráðstefnugestir á IPTRN í vettvangsferð á Melrakkaslétu  
Mynd: Þórný Barðadóttir



## Ráðstefnur og viðburðir

Á árinu skipulagði RMF nokkra viðburði sem snertu rannsóknir í ferðamálum á ýmsan hátt. Auk þeirra hefur RMF haft aðkomu að fjölmörgum öðrum viðburðum á árinu.

### Af gestum og heimamönnum: Málstofa RMF um rannsóknir í ferðamennsku

#### 3. mars í Háskólanum á Akureyri

Málstofa um yfirstandandi rannsóknir RMF í íslensku ferðaþjónustu. Kynnt voru þau rannsóknaverkefni sem unnin voru fyrir Háskólann á Akureyri með fjárstuðningi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Málstofan hófst á ávarpi Rögnvalds Ólafssonar, formanns stjórnar RMF, en að því loknu voru flutt fimm erindi. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, verkefnastjóri hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík, kynnti rannsókn sína á hagrænum áhrifum erlendra ferðamanna á Norðurlandi. Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi í ferðamálafræði við HÍ greindi frá rannsókn á árstíðasveiflu á Norðurlandi með tilliti til dreifingar ferðamanna um landið. Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur RMF, kynnti rannsókn á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu. Þórný Barðadóttir, sérfræðingur RMF, kynnti samstarfsverkefni um gerð markhópalíkans fyrir

íslenska ferðaþjónustu. Edward Huijbens, sérfræðingur RMF, greindi frá samstarfsverkefni um yndisævintýraferðamennsku á norðlægum slóðum. Málstofunni lauk með ávarpi Eyjólfssonar, rektors Háskólans á Akureyri.

### Alþjóðleg ráðstefna um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

#### 29. ágúst – 2. september á Akureyri og Raufarhöfn

Ráðstefna um ferðamál í samstarfi við Samtök um ferðamálarannsóknir á heimskautasvæðum (International Polar Tourism Research Network - IPTRN). Ráðstefnan var haldin á Akureyri og á Raufarhöfn undir yfirskriftinni „Ferðaþjónusta, fólk og vernduð svæði í víðáttu heimskautanna“. Þetta var fimmta ráðstefna IPTRN-samtakanna en hún hefur ekki áður verið haldin hér á landi. 52 fræðimenn frá 12 þjóðlöndum tóku þátt í ráðstefnunni en að auki voru heimamenn hvattir til þátttöku. Á ráðstefnunni voru flutt 35 erindi sem skiptust í 5 málstofur.

Auk þess voru á dagskrá opnar pallborðsumræður í Háskólanum á Akureyri um framgang og stöðu ferðamála á norðurslóðum með þátttöku ferðaþjónustuaðila í Eyjafirði. Á Raufarhöfn var rík áhersla




IPTRN-ráðstefnugestir að lokinni hvalaskoðunarferð á Húsavík  
Mynd: Eran Ketter



Hvalaskoðun á Skjálfanda  
Mynd: Jill Bueddefeld

lögð á samtal við heimamenn. Hópurinn fór í vettvangsferðir um svæðið og tók þátt í sérstakri vinnustofu með heimamönnum þar sem unnið var með þær áskoranir sem strjálbýl svæði á norðurlóðum, líkt og Raufarhöfn, standa frammi fyrir við þróun ferðamennsku. Undirbúningur ráðstefnunnar var unninn í nánu samstarfi við heimamenn á Raufarhöfn; Norðurhjara – ferðaþjónustusamtök, Rannsóknastöðina Rif og verkefnið Raufarhöfn og framtíðin með stuðningi frá Sendiráði Kanada á Íslandi og Sveitarfélaginu Norðurþingi. Auk þess hlaut RMF styrk úr Verkefnasjóði Háskólans á Akureyri vegna ráðstefnunnar. IPTRN eru samtök helstu sérfræðinga heimsins á sviði ferðamálarannsóknna á heimskautasvæðum. Samtökin, sem voru stofnuð árið 2008, leggja mikla áherslu á þekkingarsköpun og á miðlun þekkingar og mismunandi sjónarmiða um þróun ferðamennsku á heimskautasvæðum.



Seljalandsfoss  
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Við og gestir okkar: Ávinningur, ábyrgð og áskoranir. Umræður á Fundi fólksins

### 3. september í Norræna húsinu

RMF tók þátt í Fundi fólksins, lýðræðishátíð um samfélagsmál og stjórnsmál, með pallborðs-umræðum um ferðamál. Til umræðu voru þættir eins og áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á íslenskt samfélag, hvað felst í gestrisni, hver er ábyrgð okkar sem gestgjafa og hvernig tryggja megi að sambúð ferðaþjónustu og íbúa verði sem best. Gestir RMF í pallborði voru Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur, Björg Árnadóttir, framkvæmdastjóri og rithöfundur, Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögu-safns Reykjavíkur og Þórður Snær Júlíuson, ritstjóri Kjarnans. Umræðustjóri var Sigrún Björk Jakobsdóttir, hóteltstjóri.



Frá umræðum um gesti og heimamenn á Fundi fólksins  
Mynd: Skjaskot frá upptöku fundarins

Fundur fólksins er lýðræðishátíð sem á fyrirmynd í samskonar hátíðum á Norðurlöndunum; Almedalsveckan á Gotlandi í Svíþjóð, Folkemødet á Bornholm í Danmörku og Arendalsuka í Noregi. Markmið hátíðarinnar er að auka tiltrú á stjórnsmálum og styrkja uppbyggjandi pólitíska umræðu með aukinni þátttöku og skoðanaskiptum. Almannaheill – samtök þriðja geirans er formlegur framkvæmdaradili Fundar fólksins í samstarfi við velferðaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Norræna húsið. Fundur fólksins var haldinn í fyrsta skipti árið 2015.

Málstofa um ferðamál fyrir meistaranema frá Nord University

### 13. september í Háskólanum á Akureyri

Kynntar voru niðurstöður rannsókna RMF á samfélagslegum þolmörkum ferðamennsku héraendis. Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum, kynnti sögu hestaferðamennsku hér á landi og niðurstöður rannsóknar sem tók meðal annars til þess hvernig



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir sagði norsku nemunum frá rannsóknum og starfsemi RMF  
Mynd: Þórný Barðadóttir

fyrirtæki í greininni standa að eigin kynningar-  
málum. Þá sagði Karl Jónsson frá ferðapjónustunni  
Lamb-Inn frá tilurð fyrirtækisins og rekstri og einnig  
frá samvinnu veitingahúsa í Eyjafjarðarsveit við  
þjónustu við ferðamenn. Að afloknum erindum  
sköpuðust lífligar umræður um margvíslega fleti  
ferðamála.

## 6. örráðstefna RMF: Í ódýrri ævintýraleit? Sjálfbóðaliðar og störf í íslenskri ferðapjónustu

### 27. október í Háskóla Íslands


Síðustu ár hefur RMF staðið fyrir örráðstefnum þar  
sem ýmis málefni ferðamennsku hafa verið til  
umfjöllunar. Viðfangsefni sjöttu örráðstefnu RMF  
var sjálfbóðaliðar og störf í íslenskri ferðapjónustu.  
Hvatar slíkrar ferðamennsku geta verið starfs-  
þjálfun, fórnfýsi í þágu æðri málstaðar, ævintýra-  
þorsti eða jafnvel blanda alls þessa. Verkalýðs-  
hreyfingin hefur hins vegar lýst yfir áhyggjum af örri

fjölgun ólaunaðra starfsmanna hérlandis, hvort sem  
þeir þá kallast sjálfbóðaliðar eða starfsmenn.  
Umræðan hefur oft og tíðum verið tengd  
ferðapjónustu og virðist mega ráða að aðilar í hefð-  
bundnum fyrirtækjarekstri notfæri sér ævintýra-  
þorsta erlendra ungmenna til að uppfylla eigin  
vinnuafþörf. En er það alltaf raunin að vísitandi sé  
brotið á sjálfbóðaliðum? Hvar liggja mörk hefð-  
bundinnar vinnu og þess að láta gott af sér leiða?  
Hver eru áhrif þessa á ferðapjónustuna og álit  
almenningi á henni? Þarf að bregðast við?



Goðafoss  
Mynd: Þórný Barðadóttir

Framsögumenn voru Skapti Örn Ólafsson,  
upplýsingafulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar,  
Gunnþóra Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá RMF, Gísli  
Davíð Karlsson, lögræðingur hjá Vinnuálagstofnun,  
Jessica Aquino, lektor við Háskólann á Hólum, René  
Biasone, umsjónarmaður sjálfbóðaliða í náttúru-  
vernd hjá Umhverfisstofnun og Berglind Viktors-  
dóttir, gæðastjóri hjá Hey Iceland. Ráðstefnustjóri  
var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður  
RMF.



Snæfellsnes á ágústkvöldi, séð frá Reykjavík  
Mynd: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

## Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF fyrir skólaárið 2015 voru afhent við hátíðlega athöfn á ársfundi Samtaka ferðaþjónustunnar þann 15. mars. Grímur Sæmundsen, formaður SAF, afhenti verðlaunin.

Verðlaunin hlaut Berglind Ósk Kristjánsdóttir sem skrifaði BA-verkefni sitt við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum, en það nefnist *Viðhorf til mikilvægis starfsþjálfunar í ferðaþjónustu, dæmi frá veitingastöðum á Húsavík*.

Í ritgerðinni fjallaði Berglind Ósk um mikilvægi starfsþjálfunar í ferðaþjónustu og með hvaða hætti væri staðið að slíkri þjálfun. Beindi hún sjónum sínum sérstaklega að starfsþjálfun á veitingastöðum, en helstu vandamálin við ráðningar eru há starfsmannavelta og fækkun á faglærðu starfsfólki, ekki síst úti á landsbyggðinni þar sem háönn ferðaþjónustunnar er stutt. Berglind Ósk kannaði hvernig veitingastaðir á Húsavík standa að starfsþjálfun og hversu mikilvægt það er að þjálfar starfsfólk til þess að veita góða þjónustu. Viðmælendur Berglindar Óskar töldu starfsþjálfun mikilvæga en markviss þjálfun er ekki til staðar. Engu að síður greindi Berglind Ósk hjá viðmælendum sínum áhuga á aukinni formlegri starfsþjálfun og menntun með styttri námskeiðum. Af þessu dró hún þá ályktun að fagmennska sé forsenda þess að greinin njóti meiri virðingar í samfélaginu. Berglind Ósk benti á að efla mætti færni þeirra sem standa að nýliðþjálfun. Jafnframt lagði hún til að gera þurfi kröfur til þeirra sem stofna og reka fyrirtæki í ferðaþjónustu og að gera þurfi greinina aðlaðandi atvinnugrein fyrir metnaðarfullt og hæft vinnuafli.

Leiðbeinandi Berglindar Óskar var Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Ferðamálaeild Háskólans á Hólum.



Berglind Ósk Kristjánsdóttir

Í umsögn dómnefndar segir:

*Berglind er verðugur handhafi loka-  
verkefnisverðlauna SAF og RMF árið 2015.  
Með rannsókn sinni varpar Berglind ljósi á  
þarfan þátt starfsþjálfunar í ferðaþjónustu í  
hinum hraða vexti greinarinnar hér á landi.  
Lokaritgerð hennar er unnin samviskusam-  
lega, af metnaði og fagmennsku. Ritgerðin  
er vel uppsett, fræðilegur grunnur góður og  
efnistök eru skýrt afmörkuð.*

Lokaverkefnisverðlaunin eru veitt árlega fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemanda við háskóla hér á landi. Alls voru 6 verkefni tilnefnd til verðlaunanna, eitt úr grunnnámi og fimm úr framhaldsnámi. Tilnefningar komu frá kennurum þeirra tveggja opinbera háskóla á Íslandi sem sinna kennslu og rannsóknum í ferðamálum, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum.

Dómnefnd Lokaverkefnisverðlaunanna skipaði: María Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, Laufey Haraldsdóttir, fulltrúi stjórnar RMF og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá RMF.

## Útgefið efni

### Bækur og bókakaflar

Gren, M. and Huijbens, E. (ritstjórar) (2016). *Tourism and the Anthropocene*. London: Routledge.

Gren, M.G. og Huijbens, E.H. (2016). The Anthropocene and tourism destinations. Í M. Gren og E. Huijbens (ritstjórar), *Tourism and the Anthropocene* (bls. 189-199). London: Routledge.

Huijbens, E.H. (2016). Wilderness rhythmic revitalisations. Attuning to nature for health and wellbeing. Í M.K. Smith og L. Puczko (ritstjórar), *Handbook of Health Tourism* (bls. 365-375). London: Routledge.

Huijbens, E.H. og Gren, M.G. (2016). Tourism and the Anthropocene. An urgent emerging encounter. Í M. Gren og E. Huijbens (ritstjórar), *Tourism and the Anthropocene* (bls. 1-13). London: Routledge.

Huijbens, E.H., Costa, B. og Gugger, H. (2016) Undoing Iceland? The Pervasive Nature of the Urban. Í M. Gren og E. Huijbens (ritstjórar), *Tourism and the Anthropocene* (bls. 34-51). London: Routledge.

Welling, J.T. og Árnason, Þ. (2016). External and Internal Challenges of Glacier Tourism Development in Iceland. Í H. Richins og J.S Hull (ritstjórar), *Mountain Tourism: Experiences, Communities, Environments and Sustainable Futures* (bls. 186-195). Wallingford: CAB International.

### Ráðstefnurit og önnur ráðstefnugögn

Gyða Rögnvaldsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2016). Tourism seasonality in Iceland. Í Vasiljević, Đ (ritstj.) *Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Abstract Book* (bls. 351-353). <http://www.dgt.uns.ac.rs/mmv8/files/mmv8ab.pdf>.

Icelandic Tourism Research Centre (2016). *Tourism, People and Protected Areas in Polar Wilderness*

– *Book of Abstracts. The 5th Conference of the International Polar Tourism Research Network, Raufarhöfn 29 August – 2 September 2016*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016). Svæðisbundin áhrif ferðapjónustu. Í Ingi Rúnar Eðvaldsson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum XVII, Viðskipta- og Hagfræðideild*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Rögnvaldsdóttir (2016). Where do the tourists in Iceland go? Í Vasiljević, Đ (ritstjóri) *Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Abstract Book* (bls. 348-350). <http://www.dgt.uns.ac.rs/mmv8/files/mmv8ab.pdf>.

Stewart, E, Welling J.T., Espiner, S. og Wilson, J. (2016). *Comparing motives of glacier tourists of Westland Tai Poutini National Park, New Zealand and Vatnajökull National Park, Iceland. Working paper CAUTHE 2017*. Dunedin: University of Otago.

### Ritryndar greinar

Berg, L.D., Huijbens, E.H. og Larsen, H.G. (2016). Producing Anxiety in the Neoliberal University. *The Canadian Geographer, special issues on mental health in geography*. 60(2), 168-180.

Frent, C. (2016). Measuring tourism at the border: a critical analysis of the Icelandic context. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*. 16(1): 87-97, [doi.org/10.1080/15022250.2016.1244597](https://doi.org/10.1080/15022250.2016.1244597).

Olafsdóttir, G., Cloke, P., Epel, E., Lin, J., van Dyck, Z., Thorleifsdóttir, B., Eysteinnsson, T., Gudjonsdóttir, M. og Vögele, M. (2016): Green exercise is associated with better cell ageing profiles. *The European Journal of Public Health*. 26 (suppl 1). DOI: 10.1093/eurpub/ckw165.021.

Olafsdóttir, G., Cloke, P., Epel, E., Lin, J., van Dyck, Z., Thorleifsdóttir, B., Eysteinnsson, T., Gudjonsdóttir, M., Beck, H., Karlsdóttir, A.E., Schulz, A. og Vögele, C. (2016). Outdoor Exercise is

Associated with Better Cell Aging Profiles. *International Journal of Behavioral Medicine*. 23 (suppl 1): S191. Doi: 10.1007/s12529-016-9586-3.

## Skýrslur

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Arnar Þór Jóhannesson (2016). *Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög. Niðurstöður símakönnunar á Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði 2016*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum: Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Flippaðar hugmyndir sem virka: Frásagnir af Bræðslunni og samfélagslegum áhrifum hennar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Hermans, D. (2016). *Tourist images of Iceland. A regional comparison of tourism promotional material*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Johannes T. Welling og Edward H. Huijbens (2016). *Slow Adventure in Iceland. Segmentation study of potential inbound visitors to Iceland*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Kári Joensen, Edward H. Huijbens, Einar Svansson, Brynjar Þór Þorsteinsson og Daði Guðjónsson (2016). *Markhópagreining fyrir íslenska ferðaþjónustu. Skýrsla II. Spurningargrunnur*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Economic Impact of Tourism in Þingeyjarsýslur: Analysis at the sub-national level in Iceland*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2015: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Erlendir gestir á Höfn í Hornafirði sumarið 2015: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2015: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2015: Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Welling, J.T. (2016). *Winter tourism in the Vatnajökull Region. Qualitative research on visitors during the wintertime*. Höfn: Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði.

## Veggspjöld

Welling, J.T. (2017). Comparing motives of glacier tourists to Westland/Tai Poutini National Park, New Zealand and Vatnajökull National Park, Iceland. Veggspjald og kynning á 27th Council for Australasian Tourism and Hospitality Education (CAUTHE) Annual Conference 2017, Dunedin.

## Fyrirlestrar og erindi

- Arnar Þór Jóhannesson og Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2016). *Samfélagsleg áhrif ferðapjónustu. Samanburður á milli Siglufjarðar, Mývatns-sveitar og Hafnar í Hornafirði*. Erindi á Bygðaráðstefnunni 2016. Breiðdalsvík, 14.-15. september.
- Edward H. Huijbens (2016). *Af yndisævintýrum og heimskautaförum*. Erindi á Af gestum og heimamönnum: Málstofu um rannsóknir í ferðapjónustu. Háskólinn á Akureyri, Akureyri 3. mars.
- Edward H. Huijbens (2016). *Earthly heritage: Landmarks and more than human entanglements in the Anthropocene*. Erindi á Regional Studies Association conference: Beyond the Great Beauty. Rescaling heritage and tourism. University of Bologna, Rimini, Ítalía, 10.-12. febrúar.
- Edward H. Huijbens (2016). *Munurinn á útflutningstekjum af ferðapjónustu og neyslu erlendra gesta*. Erindi á Vorráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands um rannsóknir í viðskiptafræði. Háskóli Íslands, Reykjavík, 19. apríl.
- Edward H. Huijbens (2016). *Those who left. Departed locals and their ties to home*. Erindi á 4th Nordic Conference for Rural Research: Nordic Ruralities: Crisis and Resilience. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 22.-24. maí.
- Edward. H. Huijbens (2016). *Ferðalög og ylrækt. Sjálfbærni, skipulag og uppbygging áfangastaða*. Boðserindi á Landsýn – Vísindapingi landbúnaðarins. Hvanneyri, 4. mars.
- Edward. H. Huijbens (2016). *Ferðamenska og hagfélagsleg þróun norðurslóða á tímum umhverfisbreytinga*. Boðserindi á ráðstefnunni Enginn er Eyland – Ísland og alþjóðasamfélagið. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 19. mars.
- Edward. H. Huijbens (2016). *Samspil ferðapjónustu og skógræktar – betra ferðamannaland með meiri skógi?* Boðserindi á ráðstefnunni Tímavélin hans Jóns: Ráðstefnu til heiðurs Jóni Loftssyni. Valaskjálfi, Egilsstöðum, 20. janúar.
- Edward. H. Huijbens (2016). *Tómið, tilgangurinn og jörðin*. Erindi á Hugsun og veruleiki: Ráðstefnu um heimspeki Páls Skúlasonar. Háskóli Íslands, Reykjavík, 27.-28. maí.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2016). *Viðhorf til ferðapjónustu: Ólíkir staðir – ólík sýn*. Erindi á Þjóðarspegli XVII – 2016, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 28. október.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2016). *„Maður þarf þá bara að sveigja framhjá“*. Um samfélagsleg áhrif ferðapjónustu. Erindi á Af gestum og heimamönnum: Málstofu um rannsóknir í ferðapjónustu. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 3. mars.
- Guðrún Helgadóttir og Edward H. Huijbens (2016). *Samfélagsleg þolmörk og viðhorf heimafólks til ferðapjónustu*. Erindi á ráðstefnu Ferðamálastofu um niðurstöður þolmarkarannsóknar. Grand Hótel, Reykjavík 25. maí.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2016). *Ferðamaðurinn er gestur*. Erindi á Ráðstefnu markaðsstofa landshlutanna: Dreifing ferðamanna – Framtíð íslenskrar ferðapjónustu á landinu öllu. Iðnó, Reykjavík, 15. september.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2016). *Samfélagsleg sátt um ferðapjónustu: Saga til næsta bæjar?* Erindi á Ferðamálaþingi 2016 - Vöxtur ferðapjónustunnar: Hvert stefnum við? Hvar liggja mörkin? Harpa, Reykjavík, 30. nóvember.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2016). *Sharing space with tourism: the view of the locals*. Erindi á málstofunni Climate Refugees, Diaspora and Tourism in the North Atlantic Gateway to the Arctic Breakout á Arctic Circle-ráðstefnunni. Harpa, Reykjavík 9. október.
- Gunnþóra Ólafsdóttir (2016). *„Ah...ég veit ég get treyst á þig“*. Um áhrif ferðapjóna á upplifun erlendra ferðamanna. Erindi á Örráðstefnu Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála: Í ódyrri ævintýraleit? Sjálfbóðaliðar og störf í íslenski ferðapjónustu. Háskóli Íslands, Reykjavík, 27. október.

- Gyða Rögnvaldsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2016). *Tourism seasonality in Iceland*. Erindi á MMV 8: Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Novi Sad, Serbía, 26. – 30. september.
- Gyða Þórhallsdóttir (2016). *Árstíðasveifla á Norðurlandi – Hluti af verkefninu: Dreifing ferðamanna um landið*. Erindi á Af gestum og heimamönnum: Málstofu um rannsóknir í ferðaþjónustu. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 3. mars.
- Kristín Sóley Björnsdóttir (2016). *Markhópagreining – Hvar erum við stödd?* Erindi á fundi Íslandsstofu: Íslensk ferðaþjónusta – Markaðssetning í breyttu umhverfi. Hilton Reykjavík Nordica, Reykjavík, 17. febrúar.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016). *Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum*. Erindi á Þjóðarspegli XVII – 2016, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 28. október.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016). *Ferðaþjónusta í Þingeyjarsýslum*. Erindi á ársfundi Húsavíkurstofu. Húsavík, 7. apríl.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016). *Hverju skilar ferðaþjónustan?* Erindi á hádegisfundi á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík, Þekkingarnets Þingeyinga og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Húsavík, 11. maí.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2016). *Umfang og áhrif ferðamanna á Norðurlandi*. Erindi á Af gestum og heimamönnum: Málstofu um rannsóknir í ferðaþjónustu á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 3. mars.
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir (2016). *Economic Impact of Tourism in Þingeyjarsýslur*. Erindi á 5th Conference of the International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Raufarhöfn, 1. september.
- Olafsdóttir, G., Cloke, P., Epel, E., Lin, J., van Dyck, Z., Thorleifsdóttir, B., Eysteinnsson, T., Gudjonsdóttir, M. og Vögele, C. (2016). *Green exercise is associated with better cell ageing profiles*. Erindi haldið á 9. ráðstefnu European Public Health. Vín, Austurríki, 10. nóvember.
- Olafsdóttir, G., Cloke, P., Epel, E., Lin, J., van Dyck, Z., Thorleifsdóttir, B., Eysteinnsson, T., Gudjonsdóttir, M., Beck, H., Karlsdóttir, A.E., Schulz, A. og Vögele, C. (2016). *Outdoor Exercise is Associated with Better Cell Aging Profiles*. Erindi flutt af Þór Eysteinnssyni prófessor f. h. rannsóknarhóps á International Congress of Behavioral Medicine. Melbourne, Ástralía, 8. desember.
- Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Rögnvaldsdóttir (2016). *Where do tourists in Iceland go?* Erindi á MMV 8: Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas. Novi Sad, Serbía, 26. – 30. september.
- Welling, J.T. (2016). *“Can you tell me when the Northern Lights take place?” – Expectations, experiences (and challenges) of winter tourists in Southeast Iceland*. Erindi á 5th Conference of the International Polar Tourism Research Network. Raufarhöfn, 29. ágúst – 2. september.
- Welling, J.T. (2016). *Adapting to climate change - the case of glacier tour operators in the Vatnajökull region*. Erindi á Afmælisráðstefnu Félags landfræðinga. Reykjavík, 30. september.
- Welling, J.T. (2016). *Implications of climate change on glacier tourism demand in Iceland*. Erindi á 12th conference on Responsible Tourism in Destinations. Jyväskylä, Finnland, 8. – 10. júní.
- Þórný Barðadóttir (2016). *Fjölmíðlar og ferðaþjónusta*. Erindi á Þjóðarspegli XVII – 2016, ráðstefnu í félagsvísindum. Háskóli Íslands, Reykjavík, 28. október.
- Þórný Barðadóttir (2016). *Tourism in the Icelandic Media*. Erindi á 25th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research: Balancing Dichotomies. Turku, Finnland, 28. – 30. september.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA